

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 18. janúar 2024
UST202312-208/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýtt deiliskipulag - Búrfellslundur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýju deiliskipulagi fyrir vindorkuver í Búrfellslundi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að afmarkað er nýtt iðnaðarsvæði sem heimilar uppbyggingu á allt að 120 MW vindorkugarði og breytingin tekur til rúmlega 1.900 ha svæðis sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Einnig kemur fram að mati á umhverfisáhrifum Búrfellslundar lauk í desember 2016. Í matsskýrslunni er fjallað um möguleg umhverfisáhrif fyrir allt að 200 MW vindorkugarð. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar liggur fyrir og hefur Búrfellslundur nú verið endurhannaður í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust í umhverfismatinu og í ferli 3. áfanga rammaáætlunar.

Í greinargerð kemur fram að með nýrri útfærslu Búrfellslundar er gert ráð fyrir að reisa allt að 120 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum. Áætluð turnhæð vindmylla er allt að 95 m og hámarkshæð vindmylla þegar spaðar eru í efstu stöðu er allt að 150 m. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 30 vindmyllum sem er í samræmi við umhverfismat. Vegna örrar tækniþróunar er líklegt að vindmyllur verði færri, líklega 28. Endanlegur fjöldi vindmylla ræðst af gerð þeirra vindmylla sem valdar verða til uppsetningar.

Umhverfisstofnun telur gögnin vera vel unnin, en stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri.

Svæði í Þjórsárdal og Friðlandið að Fjallabaki

Umhverfisstofnun bendir á að utan við skipulagssvæðið eru tvö friðlýst svæði sem eru friðlýst vegna landslags en þau eru *Svæði í Þjórsárdal* og *Friðlandið að Fjallabaki*.

Í umhverfisskýrslu á bls. 14 hefði verið æskilegt að fjalla um fjarlægðir frá umræddum stöðum að iðnaðarsvæðinu en svo er fjallað um fjarlægðirnar á bls. 23.

Þar sem iðnaðarsvæðið er fyrir utan og í jaðri friðlýstra svæða er áhrifamatið unnið út frá 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta

svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.”

Í greinargerð umhverfismats er fjallað um verndarsvæðin:

Svæði í Þjórsárdal; Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í breytingartillögunni og í deiliskipulaginu að skipulagssvæðið sé á jaðri svæðis í Þjórsárdal sem var friðlýst í janúar 2020, sbr. auglýsing nr. 110/2020.¹ Verndunin nær til sérstæðra jarðmyndana, landslags, lífríkis, fossa, vatnsfarvega og menningarlegs gildis svæðisins og með friðlýsingunni skal tryggt að þeim verði ekki spillt, sbr. m.a. markmiðsákvæði 2. gr. auglýsingarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjarlægð skipulagssvæðisins frá hinu friðlýsta svæði er um 5-10 km í beinni loftlínu, og þar sem hún er styst er hún um 5 km. Fjarlægð skipulagssvæðisins að Hjálparfossi er um 15 km.

Friðland að Fjallabaki; Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979, sbr. auglýsing nr. 354/1979. Megineinkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins.²

Fjarlægð skipulagssvæðisins að friðlandinu er um 15-20 km í beinni loftlínu, styst er hún um 15 km. Fjarlægð skipulagssvæðisins að fjallinu Löðmundi sem er vinsælt útsýnisfjall er um 20 km. Sjónræn áhrif vindmyllanna innan friðlandsins eru mest nyrst en einnig mun sjást til Búrfellslundar frá fjöllum í miðju friðlandinu, á svæðum sem teljast sem óbyggð víðerni vestan Landmannalauga.

Í matskýrslu fyrir Búrfellslund³ segir á bls. 66 að eftirfarandi viðmið séu notuð við vægiseinkunn fyrir sjónræn áhrif vindmyllanna.

- *Talsvert neikvæð áhrif 5 - 10 km - Á þessu beltum getur verið erfitt að ráða í fjarlægð til vindmyllanna og þar með stærð þeirra. Vindmyllurnar eru áberandi í landslaginu jafnvel þótt lögun þess og gróður dragi sums staðar úr sjónrænum áhrifum.*
- *Verulega neikvæð áhrif 0 - 5 km - Vindmyllurnar eru ráðandi í umhverfinu og mjög áberandi.*

Umhverfisstofnunar tekur undir niðurstöðu skýrsluhöfundar að framkvæmdin mun, eins og hún er lögð fram á kortum í umhverfismati, hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðin að þessu leyti.

Auk þess er fjallað um sjónræn áhrif frá helstu ferðaleiðum og áningarstöðum í matskýrslu³ í töflum 7.4. og 7.5. Umhverfisstofnun telur þessar töflur vera góðar og gæti verið fyrirmynd

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Fri%20c3%b0l%20c3%bdsing%20B_nr_110_2020.pdf

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/> og

<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridland-ad-fjallabaki/Stj%20c3%b3rnunar-%20og%20verndar%20a1%20c3%a6tlun%20Fri%20c3%b0land%20a%20c3%b0%20Fjallabaki.pdf>

³ [https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%20C3%BArfellslundur_matskyrsla_%20\(002\).pdf](https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%20C3%BArfellslundur_matskyrsla_%20(002).pdf)

við gerð skipulagsáætlananna. Hins vegar þyrfti að uppfæra þær með tilliti til breyttra forsenda og gera frekari ásýndarmyndir frá friðlýstu svæðunum.

Auk þess bendir stofnunin á að ekki einungis sé hægt að miða áhrifamat við leiðir og áningarstaði heldur þarf að meta áhrif framkvæmdanna frá friðlýstu svæðunum.

Annað áhrifasvæði sem stofnunin vill vekja athygli á er Dómadalsleið, sem er önnur aðalleiðin inn á Friðlandið að Fjallabaki, um 9-10 km sunnan skipulagssvæðisins.

Framsetning myndefnis - Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur framsetning mynd vera ágæta en Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að vindmyllan sjálf hafi mesta áhrif á ásýnd þá eru önnur mannvirki eins og vegir sem hafa áhrif þó svo að vægi þeirra sé minna. Umhverfisstofnun telur æskilegt, að vinnuvegir séu einnig settir inn á myndefni á sléttu landi. Hins vegar telur stofnunin það nauðsynlegt að settir séu vegir inn á myndefni þegar gert er ráð fyrir vindmyllum í hlíðum eða ósléttu landi.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að mikilvægt er að hafa í huga að ljósmyndir gefa ekki alveg rétta mynd af áhrifum vindmylla vegna hreyfingar spaðanna. Því bendir stofnunin á þann möguleika að setja inn hreyfimyndir inni í skýrslur og annað kynningarefni.

Einnig telur stofnunin æskilegt að sýnd sé stærðarviðmið á skýringarmyndum, en Hallgrímskirkja hefur oft verið notuð til stærðarviðmið, auk þess er æskilegt að sýna mismuninn á stærð á núverandi vindmyllum og þeim vindmyllum sem á að setja upp.

Staðsetning myndsvæða

Umhverfisstofnun telur val á myndsvæðum vera ágætt að því leiti að valdir eru helstu áningarstaðir, bílstæði og fjallaskálar umhverfis iðnaðarsvæðið. Hins vegar telur stofnunin að það hefði átt að skoða fleiri svæði nær iðnaðarsvæðinu, t.d. frá Dómadalsleið og frá Hrauneyjum og Sprengisandsleið, sem er anddyri fólks upp á hálendið.

Auk þess má segja að frá útsýnisstað frá Heklu (VP14) er vindorkuverið orðið að kennileiti í náttúrunni, sem svipar til íshettu Hofsjökuls.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur að tillagan muni hafa áhrif á verndargildi víðerna og því mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

Þó að óbyggð víðerni séu skilgreind sem svæði sem eru að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, þá vill Umhverfisstofnun benda á að sjónræn truflun hlýst af völdum vindmyllanna í margfalt lengri fjarlægð en það, líkt og ásýndarmyndir í viðauka A frá Heklu og Löðmundi sýna. Þar er fjarlægð að vindmyllunum 19,6 km (Hekla) og 18,3 km (Löðmundur), en engu að síður eru vindmyllurnar mjög áberandi í landslaginu frá báðum svæðum og munu ótvírætt valda sjónrænni truflun, sem skerðir óbyggð víðerni umfram þá 5 km sem að jafnaði er miðað við. Sú staðreynd að vindmyllurnar snúast mun einungis auka á þá sjónrænu truflun sem af þeim hlýst.

Gervígígar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands eru gervígígar á skipulagssvæðinu. Gervígígar eru jarðmyndanir sem eru fágætar á landsvísu sem og á heimsvísu. Gervígígar eru viðkvæmir fyrir ágangi og þarf hvarvetna að gera sérstakar ráðstafanir til að varðveita þá þar sem einhver umferð er.

Umhverfisstofnun bendir á að gervígígar falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Fjallað er um gervígígana í greinargerð umhverfismats á bls. 16 þar sem segir að engir gervígígar eða hraun eru á skipulagssvæðinu, en svo síðar að á bls. 18 kemur fram að þar séu að einhverju leyti sandorpnir gervígígar sem hafa jafnvel misst verndargildi sitt að einhverju leyti. Í umhverfismati (bls. 38) kemur fram að undirstöður, vegir og aðrar framkvæmdir munu valda raski á jarðmyndunum, en umhverfisáhrifin eru metin óveruleg.

Það er mat Umhverfisstofnunar ef tillagan mun valda raski á gervígígum sem hafa verndargildi þá mun tillagan hafa neikvæð áhrif á þá. Hins vegar ef staðsetning mannvirkja er á svæðum sem hafa misst verndargildi sitt og á þegar röskuðum svæðum þá munu áhrifin vera óveruleg.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að það komi skýrt fram í tillögunni hvort að framkvæmdin raski gervígígum sem hafa verndargildi. Ekki er hægt að fullyrða að gervígígar hafi tapað verndargildi sínu ef sandur hefur fokið yfir þá. Hægt er að benda á gervígíga innan landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal, sem eru metnir með hátt verndargildi og friðlýstir þrátt fyrir að vera þaktir yngri gosmöl. Sama á við um Álftaversgíga, auk þess sem Skútustaðagígir eru nær algrónir og ættu því samkvæmt sömu rökum að hafa tapað verndargildi sínu. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fá álit Náttúrufræðisstofnunar Íslands hvað ofangreint varðar.

Ljósmengun

Í greinargerð segir að ljós frá vindmyllum gætu haft áhrif á ásjúnd og samráð verður haft við Samgöngustofu um merkingar vindmylla með hindranaljósum. Gerð hefur verið tillaga um flugöryggisljós á fjórum stöðum við NA og SV hluta og er sú tillaga til skoðunar hjá Samgöngustofu. Einnig er til skoðunar að hafa radarstýrð hindranaljós sem er að öllu jöfnu slökkt á.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað sé nánar um þennan þátt, þar sem að stofnunin telur að ljósmengun getur haft mjög neikvæð áhrif á ásjúnd. Umhverfisstofnun tekur undir þá hugmynd sem mótvægisáðgerð að hafa radarstýrð hindranaljós sem er að öllu jöfnu slökkt á.

Örplast

Umhverfisstofnun vill benda á að þekking á örplasti hefur aukist töluvert á undanförunum árum þar sem stærstu uppsprettur losunar örplasts á landi eru dekkjaslit, vegryk auk þess kemur plast frá sjávarútvegi og fiskeldi. Í skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Noregs⁴ árið 2020 kemur fram að myndun örplasts í Noregi er um 19.000 tonn. Í sömu skýrslu kemur fram áætlað losun á bilinu 10 til 170 tonn frá vindmyllum, miðað við þær 1000 vindmyllur sem voru starfandi á því ári. Auk þess kemur fram að matið varðandi örplast frá vindmyllum sé byggt á mjög takmörkuðum grunni.

Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að framkvæmdaraðili leiti upplýsingar hjá framleiðendum og fái t.d. upplýsingar um sliti á blöðum og fjalli um áhrif örplasts í umhverfismatinu. Auk þess þarf að fjalla um þær mótvægisáðgerðir sem fyrirhugaðar eru m.a. við viðgerðir og viðhald á blöðum.

Litaval vindmylla - Fuglalíf og ásjúnd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um litaval á vindmyllum m.t.t. ásjúndar og fuglalífs. Umhverfisstofnun telur það æskilegt að fjallað sé um hvort að tvílita spaðar munu draga úr áflugi fugla og munu hafa áhrif á ásjúnd svæðisins.

Geymslusvæði og flutningur

Í greinargerð kemur fram að á framkvæmdatíma kemur Búrfellslundur til með að hafa áhrif á umferðaröryggi, þar sem flytja þarf vindmylluhluta frá Þorlákshöfn eða höfn á höfuðborgarsvæðinu og þaðan eftir vegum með bundu slitlagi að framkvæmdasvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir þeim framkvæmdum sem gera þarf í tengslum við vindorkugarðinn við höfnina. Eins þarf að gera grein fyrir geymslustað fyrir vindmylluparta og ef einhverjar framkvæmdir eru þarfar á flutningsleiðinni. Vindmyllur eru gríðarlega stór mannvirki og spaðana þarf t.d. líklega að flytja í heilu lagi sem veldur því að einhverjar beygjur þarf að víkka á flutningsleiðinni.

⁴ <https://www.miljodirektoratet.no/publikasjoner/2021/april-2021/norske-landbaserte-kilder-til-mikroplast/>

Ískast

Í greinargerð er ekki fjallað um áhrif ískast frá vindmyllunum, þá frá vélarhúsi eða spöðum. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fjallað sé um þessa þætti í umhverfismati.

Á heimasíðu Vatns- og orkumálastofnun Noregs (NVE)⁵ segir að líkurnar á að einstaklingur slasist af ís/klaka sem fellur niður frá vélarhúsi eða kastast frá spöðum eru litlar, en afleiðingarnar geta verið miklar. Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri áhættumat og vinni að mótvægisáðgerðum. Auk þess þarf að fjalla um mótvægisáðgerðir eins og uppsetning upplýsingaskilta fyrir ferðamenn, öryggisfjarlægðir og aðra upplýsingagjöf.

Í skýrslu sem var gefin út árið 2019 af Vatns- og orkumálastofnun Noregs sem nefnist „*Forslag til nasjonal ramme for vindkraft*“⁶ segir að það séu fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á ískast. Almenna regla sé sú að fjarlægðin skal vera summa hæð vindmyllu og þvermál spaða. Í Noregi árið 2019 eru þetta um 200 metrar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á upplýsingaskilti hjá vindorkuveri í Bjerkreim í Noregi þar sem fjarlægðin skal vera 300 metrar.⁷

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin getur haft áhrif á umferð fólks um skipulagssvæðið m.a. vegna lokunar á svæðinu vegna áhættu af ískasti. Umhverfisstofnun benda á að hægt er líta til IV. kafla. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem fjallað er um almannarétt, útivist og umgengni.

Deiliskipulagsáætlanir

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á tveimur deiliskipulagsáætlunum sem eru fyrir utan skipulagssvæðið. Annars vegar áætlun fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu áningarstaða og gönguleiða og hins vegar áætlun fyrir Reykholt í Þjórsárdal.

Niðurrif

Í greinargerð segir að líftími vindmyllnanna er um 25 ár, að þeim tíma liðnum verða túrbínur annað hvort endurnýjaðar eða rekstri hætt, vindmyllurnar tvær teknar niður og fluttar á brott til endurvinnslu. Niðurrifið mun felast í sundurhlutun á vindmyllunum, flutningi þeirra af svæðinu auk þess sem grunnar og vegir á svæðinu verða fjarlægðir, nema annars sé óskað af yfirvöldum. Líklega mun niðurrif vindorkugarðsins hafa á móta umhverfisáhrif og uppsetning hans, en áhrifin munu vara í skemmri tíma.

Umhverfisstofnun telur það mikilvægt að gerð verði ítarleg grein fyrir um umfang úrgangs sem fylgir uppbyggingu og síðar viðhaldi og niðurrifi.

⁵ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/iskast-fra-vindturbiner/>

⁶ https://publikasjoner.nve.no/rapport/2019/rapport2019_12.pdf

⁷ <https://www.aftenbladet.no/meninger/debatt/i/EQvAYP/vindkraftanlegg-paa-trollaasen-og-moifjellet-i-bjerkreim-faar-store-konsekvenser-for-naboene>

Leyfi

Vísað er í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun í kafla 1.3.4. Þar sem fjallað er um leyfisskyldu verkefnisins en sú reglugerð var felld brott með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fram kemur í kafla 2.6 að heimilt verði að setja upp steypustöð á reit B3 en steypustöðvar þurfa einnig starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Í kafla 2.10 um efnistökusvæði segir: „Annað efni, sem ekki nýtist til framkvæmda innan svæðisins verður haugsettur á svæðinu til landmótunar í samráði við Rangárþing ytra.“

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að haugsetning og landmótun er sitt hvor hlutur.

Orðið landmótun er ekki skilgreint í umhverfislöggjöfnni Það er þó notað í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um frágang lóða og efnistökusvæða þ.e. um mótun á yfirborði lands en ekki eins og það hefur verið notað í umhverfismálum hingað til, sem einskona urðunarstaður.

Umhverfisstofnun mælir því með því að notkun orðsins *landmótun* sé hætt og að hugtökin urðun eða fylling séu eingöngu notuð.

1. Fylling

Fylling er það hugtak sem nota skal fyrir staði eða svæði þar sem jarðvegur eða efni sem annars væri flokkaður sem úrgangur er notaður í stað nýs efnis við fyllingar á t.d. graftarsvæðum, við tæknilega „landmótun“ (e. landscaping), þ.e. mótun á yfirborði lands, eða manir (ef þörf er á mönum en ekki sem leið til að losa sig við úrgang). Í fyllingar er notaður úrgangur til endurnýtingar sem notandinn er ekki að losa sig við. Fylling skal ávalt vera í samræmi við skipulag og skal uppfylla allar kröfur að neðan (1-3).

Kröfur sem þarf að uppfylla svo að aðgerðin teljist fylling:

1. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingar þarf að koma í staðinn fyrir efni (sem ekki er úrgangur) sem annars væri keypt fyrir framkvæmdina, t.d. úr námu.
2. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er má einungis vera í því magni sem þarf fyrir framkvæmdina.
3. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingu skal henta í fyrirhugaða framkvæmd.

Fyllingum er hægt að skipta upp í tvo flokka. Starfsleyfisskyldar og ekki starfsleyfisskyldar fyllingar.

Fylling án starfsleyfis

Í fyllingu án starfsleyfis er einungis heimilt að nota jarðveg og steina (17 05 04 sbr. reglugerð nr. 1040/2016) og ómengað dýpkunarefni (17 05 06 sbr. reglugerð nr. 1040/2016) eins og t.d. efni úr námum eða áður ónotað efni. Einnig má hylja fyllinguna, þ.e. móta yfirborðið, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með mold. Ekki er leyfilegt að losa annarskonar úrgang eða efni í fyllingar án starfsleyfis, þ.m.t. óvirkan úrgang.

Fylling með starfsleyfi

Í fyllingu með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu (starfsleyfisskylda sem endurnýting úrgangs, skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir) má, þegar við á, nota þann úrgang sem talin eru upp í kaflanum að neðan svo fremi að um úrgang til endurnýtingar sé að ræða og ekki leið til að losa sig við úrgang (sjá skilgreiningu um það hvenær jarðvegur er úrgangur að neðan) og með þeim forsendum að úrgangurinn mengi ekki fyllingarvæðið eða auki mengun á, í eða við fyllingarvæðið.

Úrgangur sem leyfilegt er að nota í fyllingar með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu:

- Jarðvegur
- Sandur
- Steinar
- Uppgröftur
- Mulið berg
- Uppfræst malbik (þó einungis undir malbikuð/steypt pön og vegi)
- Dýpkunarefni
- Aska
- Slagg
- Steypubrot (án járnabindingar)

Úrgangurinn sem nýttur er í þessum tilgangi skal ávallt henta í fyrirhugaða notkun, bæði hvað varðar eðlis- og efnafræðilega eiginleika.

Hvenær er jarðvegur úrgangur?

Mikilvægt er að taka tillit til efnasamsetningar jarðvegsins, en það eitt og sér er ekki grundvöllur fyrir ákvörðuninni á því hvort um úrgang sé að ræða.

Úrgangur er skilgreindur sem hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við. Þegar um mengaðan jarðveg eða spilliefni er að ræða þarf handhafi að losa sig við hann og er því um úrgang að ræða.

Hvenær er verið að endurnýtja úrgang?

1. Ef eigandinn er ekki að losa sig við jarðveginn heldur koma honum í áframhaldandi nýtingu í beinu framhaldi eða innan raunhæfs tímaramma er um efni að ræða.
2. Ef jarðvegurinn er hentugur í fyrirhugaða framkvæmd með tillit til umhverfislegra, heilsufarslegra og tæknilegra þátta.

Ef eigandi úrgangsins getur sýnt fram á 1 og 2 er um endurnýtingu að ræða.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri